

112. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 18. desember, 2020 kl. 13:00 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Viðstaddir eru: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóna Símónía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan á safninu

Staðan á safninu, reksturinn ræddur. Innan við 2000 manns heimsóttu safnið á þessu ári og því ljóst að það er tekjufall. Covid er því búið að setja stórt strik í rekstrarárið. Stefnir í svipað ástand árið 2021. Illa hægt að plana rekstrarárið vegna þessa. Miðað við stöðuna núna virðist sem það verði halli upp á ca. 2 milljónir.

2. Upplýsingamiðstöð

Birgir kynnir fyrirhugaðar áætlanir fyrir stjórninni um að upplýsingamiðstöðin verði á neðri hæðinni í „Jónshúsi“. Slík framkvæmd myndi hafa töluverð samlegðaráhrif. Á móti verði komið upp vinnuáðstöðu í Smiðjunni til þess að taka á móti gripum yfir sumarið.

3. Staða mála vegna Maríu Júlíu

Stofnun félagasamtaka rædd. Niðurstaðan hafi verið sú að stofna nýtt félag að hálfu Jóns og Björns. Jón Páll fer í vinnu við að aðstoða þá sem standa að félagasamtökum. Stefnt er á að skipið fari héðan í vor. Lítið hefur gerst í þessum málum. Beðið er eftir að björgunarfélagið loki Maríu Júlíu en þar hefur gengið illa að fá svör frá þeim hvenær það verður.

4. Umsóknir í safnasjóð

Jóna kynnir þær 6 umsóknir sem eru í gangi hjá safnasjóði að hálfu Byggðasafnsins og fyrirhugaðar hugmyndir í starfsemi safnsins. Tvær umsóknir eru vegna grunnstarfsemi, ein í samstarfi við Eyþór Jóvinsson á Flateyri, ein vegna sumarsýningar og ein vegna safnfræðslu. Litabókin sem unninn var í samstarfi við Marsibil Kristjánsdóttur kynnt fyrir stjórnarmönnum.

Fundi slitið 13:37

